17-27-VA

Viljinn.

# Viljinn

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn.

—"—

## Bæja-röð „Viljans“

| | |
|---|---|
| Djúpidalur | Kom. 26. Mars Fór 28 |
| Litlidalur | 28. – – 30. |
| Stóru Akrar | |
| Höskuldsstaðir | |
| Miðhús | |
| Þorleifsstaðir | Kom. 8 April Fór 9. april |
| Grundarkot | – 9 – – 10 – |
| Vaglar | – 10. – – 11 – |
| Hrólfsstaðir | – 11. – 15. – |
| Miklibær | – 15. – fór 17 – |
| Víkarkot | – 17 fór 17 – |
| Víðivellir | |
| Sólheimar | |
| Úlfsstaðir | |
| Kúskerpi | |

Skilist þaðan til bókavarðar.

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

17. ár | Mars – Apríl 1927 | 4.–5. tbl.

## Tímamót

Undanfarin tuttugu ár hafa verið einskonar tímamót í sögu þjóðar vorrar, tímamót milli hins gamla og nýja. Gamli tíminn, með kyrstöðu, hægfara breytingar, og fastheldni á erfðahætti, hefir smámsaman verið (að sigla úr vör tímans, út á haf minninganna. Nýi tíminn – tími framfara og gjörbyltinga á svo mörgum sviðum; tími hraðans – hann hefir hafið landgöngu og mótast í hugsunum og athöfnum einstaklinganna.

Þjóðin finnur til þess, að hún er á mörgum sviðum orðin eftirbátur nágranna-

þjóðanna, og hún finnur hjá sér þrá til þess, að geta fylgt þeim samhliða á menningar og framfara brautinni. Hún sér í anda þann tíma löngu liðinn, er hún eitt sinn stóð þeim framar — skipaði öndvegið. Og minningin um þann tíma slær gullnum bjarma á liðin afrek, og fram á ófarnar brautir, vekur nýjar vonir og dáð og löngun til frama.

Sporin eru þegar stigin og þau stór, hvarvetna blasa við stórkostlegar framfarir hin síðustu ár. Starf þeirrar kynslóðar, sem nú er að líða undir lok, er svo fjölskrúð-ugt að eg get ekki látið mig dreyma um annað en næstu afþegar líti til þeirra með djúpri virðingu og þeim muni finnast full svo mikið til hennar að sækja og forfeðranna á söguöldinni.

Það er óhemju átak, sem ísl. þjóðin hefir gert á þessum tíma. Eg ætla ekki að fara að fjölyrða mikið um það nú, sem í fram-



kvæmd hefir komið, öllum ætti að vera það ljóst. Samt finst mér ekki úr vegi að rifja upp það merkasta, því sumir virðast vera svo gleymnir á það, sem betur fer hjá þjóð vorri og í ræðu og riti einblína þeir aðeins á misfellurnar, eins og þær væru einar frásagna verðar, og komast því á þá skoðun að í raun og veru sé um afturför en ekki framför að ræða. En þeir hinir sömu góðu menn ætti með stillingu og viti að athuga ástandið fyrir nokkrum áratugum, og gera svo samanburð á nútímanum. Ef til vill yrði niðurstaðan önnur.

Eitt af því, sem markar hvað dýpsta sporið í sögu vorra síðustu ára, er það, að vér skulum hafa öðlast sjálfstæði vort að fullu, eftir rúma hálfa sjöundu öld, þær þjóðir sem hafa orðið fyrir því að verða undir-legjur erlends valds, þær hafa a.m.k. fundið hvers virði það er, að öðlast

fullkomið frelsi. Ég kannast við að hafa heyrt raddir um það, að við höfum með skilnaðinum við Dani beðið fjárhagslegt tjón, og það hafi verið glapræði. En sem betur fer eru þeir fáir sem þannig hugsa, og vonandi verður það enginn þá tímar líða. Og eftir 1944 verður maður að vona, að Ísland verði lýðríki, laust við erlendan konung, sem ekki er nema að nafni til, og til þess að þiggja nokkrar þús. úr ríkissjóði til framfærslu sér og fjölskyldu sinni, í praktískulegu lífi.

Eitt af því sem einkennir mjög þessa síðustu áratugi eru hinar stórmiklu verklegu framkvæmdir bæði hér á landi og út um heim. Á engu tímabili eru dæmi til annars eins. Aldir liðu svo, að mennirnir voru á sama framfarastigi að heita mátti. Í einstökum atriðum gætti nokkurra framfara, en í öðrum efnum var greinileg afturför. — Forn-Egyptar gátu gert ýmsa hluti, sem þjóðirnar, jafnvel nú



ekki leika eftir, en það eru smámunir í samanburði við undraverðar framfarir síðustu ára.

Það eru ekki 100 ár síðan að farkosturinn var hinn sami og í fornöld, á hestbaki landveginn og á seglskipi sjóveginn, hjá þeim þjóðum sem ~~fá~~ lengst voru þá komnar áleiðis.

Í samanburði við hin meiri lönd, verða framkvæmdir hjá okkar þjóð ekki stórkostlegar, en þær eru stórkostlegar ef vér gerum samanburð hér innanlands, nú og fyrir 30-40 árum. Þá var varla til vegarspotti, en nú eru óraleiðir af bílfærum vegum til og frá um landið. Við munum mega að segja í nánni framtíð fara á bílum héðan og til Suðurlands og héðan austur um land. Árnar eru brúaðar hver af annari. Við Skaftf. eigum nú bráðum 3 stórbrýr á sama vatnsfallinu, auk margra annara, sem byggðar hafa verið nú á síðustu 10 árum, þær munu á ókomnum öldum verða traustir minnisvarði þessarar kynslóðar og vitna um

hugvit hennar og atgjörfi. Hvern hefði órað fyrir slíku fyrir 50 árum. Símalínur liggja um landið þvert og endilangt. Banka höfum við fengið og aðrar lánsstofnanir. Verslunin (að kalla má) öll innlend. Sjávarútvegur svo fullkominn, að annarsstaðar í heiminum mun vart rekinn í hentugra sniði, og nýtísku skip bruna með ströndum fram og um heimshöfin. Hugsjón H. Hafsteins á ekki langt í land að rætast, í kvæðinu:

„Sé eg í anda knörru og vagna knúða

krafti sem vannst úr fossa þinna skrúða".

Það eru farsælir, sem á eftir að beisla (að ráði) til þessa að leggja smiðshöggið á framkvæmdahugsjónina. Og sá tími kemur líka innan skamms, þá mun landbúnaðurinn, sem einna skemst er kominn enn, af atvinnuvegunum, stíga stórfeld spor í framfaraáttina. Þau spor verða stigin þá sveitirnar fá rafmagn inn á hvert heimili, til suðu og ljósa.



Og hið dýrmæta sauðatað verður eingöngu notað til áburðar, í staðinn fyrir það, að um aldaraðir hafa konurnar notað það undir pottana í íslensku eldhúsunum, ~~en~~ á þann hátt hefir líka verið drýgð einhver stærsta syndin gagnvart landbúnaðinum, sem drýgð hefir verið, frá ómunatíð, en ekki á konan þar sök á, frekar en bóndinn.

Við höfum nú á þessum síðari árum séð bóla á forvörðum hins nýja tíma, hvað landb. snertir, þótt framfarir hafi verið hægari en á öðrum sviðum. Bændur eru farnir (að) skilja betur en var þýðingu jarðræktarinnar. Túnin eru sléttuð smátt og smátt og nokkur jarðræktarvéla fer í vöxt. Áburðarhirðing fer batnandi, húsagerð o. fl.

Fráleitt eru framfarirnar minni á andlega sviðinu. Nú á síðustu árum hafa skólar verið reistir víðsvegar um landið, alt frá háskólanum að farskólum. Þjóðin hefir

tekið að sér uppfræðslu æskunnar og er það henni síst til vansa. Bókagerð hefir aukist í stórum stíl, svo að nú hafa menn gnægð bóka blaða og tímarita að ~~lysa~~ lesa og komast varla yfir að lesa alt sem á boðstólum er í staðinn fyrir það, að fyrir nokkrum áratugum höfðu menn lítið sem ekkert af bókum, til að svala sínum andlega þorsta á

Eins er um félagslífið, til eflingar andlegum og verklegum framförum, megir að benda á búnaðarfél. kaupfél. lestrarfélög, kvenfél. ungm. fél, enginn getur neitað að þau hafa unnið stórmikið gagn á sínum sviðum En það var lítið um það, að þessi félög væru til þegar þeir menn, sem nú eru roskni r voru að alast upp.

Frelsi, mannúð og réttlæti hefir þroskast mjög meðal þjóðarinnar. Má þar benda á rýmkun kosningarlaganna, meðferð þurfamanna og jafnrétti kvenna og karla.



Eða framför í heilbrigðismálum nú á síðustu tímum. 1861 dóu hér 36% en 1920 er talan komin niður í 14%. Á þessum 60 árum hefir þjóðin stigið spor frá miðalda ásigkomulagi og fram í röð fremstu menningarþjóða. Þá er að minnast á kirkjuna. Ef til vill er framförin á trúmálasviðinu ekki eins auðsæ. Sumir telja að kirkjugestum fari fækkandi, og draga þar af hnignun í trúarlífinu. Eg er á þeirri skoðun að í kirkjunni hafi sami andlegi þroskinn átt sér stað, eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Hún hefir a. m. k. vaxið mjög að frjálslyndi nú á síðustu árum, því annars væri hún ekki talin með víðsýnustu þjóðkirkjum heimsins. Og þegar að mannúð og réttlæti vex með þjóðinni, þá er hæpið að trúarlíf sé í afturför.

Eg hefi nú í þessum línum mínum leitast við að sanna það, að um framför, á nálega öllum sviðum, er að ræða, hjá þessari

þjóð, þó eru þar á undantekninga nokkrar, sem eg mun nefna síðar. Eg get ekki tekið undir það með Sigurði Nordal og honum C, sem skrifar í síðasta t.bl. „Viljans" að þjóðin sé að týna sjálfa sig þrifna, þótt hún hafi það álit á sér, að hún standi á framsóknarbraut. Menn eru að þroskast hægt og hægt og verða líklega aldrei um eilífð fullkomnir, því er það eðlilegt að menn finni ekki til neinnar alsælu þó þessu eða hinu menningarstigi sé náð, því alltaf skapast ný áhugaefni í stað þeirra, sem búin eru tekin, því lífi voru er þannig háttað að við eigum alltaf nýjum og nýjum vanda-málum að mæta.

En einkennilegt má það vera, ef menn vaxa ekki að einhverju leyti, að manngildi við að ~~vilja~~ vita afl náttúrunnar sér undir-gefin, og vita af sér frjálsum mönnum og fara að nota þá krafta í sjálfum sér, sem hafa legið óhreyfðir. Að öðrum



kosti gætum við að álíta að menning öll á jörðu hér væri einkis virði. En það dettur víst fáum í hug.

Eg hefi nú minnst hér á nokkur þau atriði í lífi þjóðarinnar, er til umbóta horfa og vil eg þá snúa blaðinu við og minnast á þá siði sem eru að hverfa úr ísl. þjóð-lífi. Margar venjur og hættir, sem lifað hafa um hundruð ára með okkur Ísl. og verið sem samgrónir eðli kynslóða lið-inna alda, eru horfnir og að hverfa úr veruleikanum; geymast aðeins sem brot úr endurminningu hjá eldra fólki.

Og þó eru þessir siðir margir hverjir gull-fallegir og miða að auknu menningu og þroska ef þeim væri á lofti haldið.

Eg er nú þannig gerður að eg elska allt, sem er sérkennilegt við þjóð okkar, og sem hefir lifað með henni um lengri tíma, og vil því halda dauðahaldi í margt þetta

góðu gamla, sem við köllum svo.

Og skal þá rifja upp þá gömlu siði, sem mestu svo mjög gildi menningarinnar hjá æskulýðnum á sínum tíma, en það voru lestur fornbóka á „kveldvökunum". Þið minnist víst mörg þeirra tíma með ánægju þegar þið hlustuðuð á sögur þeirra Gunnars, Njáls, Egils, Kjartans og fleiri ágætra Ísl. lesnar upphátt á vetrarkvöldunum, er þið sátuð við önn ykkar, að spinna, kemba, prjóna, flétta og bregða í baðstofuylnum á æskuheimilinu. Eða þegar svo bar til að góðan gest bar að garði, sem kunni tökin á því að kveða rímur, af Núma, Göngu-Hrólfi, Svoldarrímum o. fl. Þá bar svo stundum við, að fótur steig örara á rokk og hönd teygði lengri lopa, því hugurinn fylgdist með efninu, og lifði í anda upp liðna atburði, er mintu á drengskap og dáð. Og minnumst við



ekki einnig með söknuði þeirra tíma, er er pabbi eða mamma kölluðu á okkur til að hlusta á húslesturinn, sem lesinn var á hverjum degi. Alvöru og helgisvipur færðist yfir ásjónu fólksins, sem á hlustaði og meðan guðspjallið var lesið, snerti engin hönd á verki. Innileik og ró mátti lesa út úr hvers manns andliti, því þar var snert við dýpstu og viðkvæmustu strengjum sálarinnar. Þó minnist eg með mestri ánægju húslestranna á föstunni. Eg man það sem barn, að eg hlakkaði þá jafnan til að heyra lesna Hallgrímssálma og var eg þó á þeim árum næsta gjálífur, sem drengjum er títt. En hafi nokkuð markað trúarlíf mitt inn á þær brautir, sem stefna að háleitu marki, þá voru það þær stundirnar er eg hlustaði á Hallgrímssálma hafða yfir á langaföstu.

Það er af sögunum sagt að húslestrar

sín lagdir nidur á bæjum. Þad eru allmörg
heimili enn, sem halda þeim sid vid, en þau
eru of fá, þad ætti hvert einasta heimili
ad vekja þann sid upp ad nýju, þad er
lífsspursmál til þess, ad hafa holl áhrif
á æskulýdinn. Heimafrædsla barn-
anna er ad leggjast nidur. Þad er stór
afturför. Skólarnir eru látnir taka vid ad
uppfræda börnin, en þótt þeir reyni eftir megni
ad uppfræda þau, verdur sú frædsla þegar á
reynir ekki eins rótadjúp og hin, þegar til
kastanna kemur, sökum þess ad börnum
er hrúgad saman á farskólana og á einn
kennara, og því lendir oft meir fyrir þeim í
róstum og gjálífi, þegar mörg koma saman
á einn stad, heldur en á fámennu heimili,
þar sem kyrd og spekt ríkir, og kennarinn
á kost á ad kynnast sálarlífi barnanna
vel, og haga frædslu í samræmi vid eiginleika
þeirra.



„Matur er manns megin" segir máltækid
og vil eg snúa vid efninu og minnast á bú-
skaparhætti, sem eru ad hverfa úr sögunni.

Á eg þar einkum vid fráfærurnar. Eg er
mikill vinur skyrs og osta og því saknadi
eg hvorstveggja, þegar hætt var ad færa frá.
Eg er þeirrar skodunar ad fráfærurnar séu
þó ein hin mesta björg í búi hvers bónda,
og vafalaust mundi batna heilsufar þjódar-
innar ad mun, ef þær yrdu alment teknar
upp aftur. Almenna vidkvædid er, ad ekki
sé lengur hægt ad færa frá sökum fólks-
leysis, og þad hefir vafalaust vid mikil
rök ad stydjast, en þá ættu bændur, þar
sem þéttbýlt er, ad hafa med sér samtök
og færa frá í félagi — þad yrdi ódýrara.

En hjásetan — ad vera smali — þad
var nú býsna gaman á sínum tíma, og
æskulýdurinn nú, hann tapar miklu vid
ad fá ekki ad gegna þeim starfa.

Það seyrði á karlmensku og dug smala-
piltsins, þegar að þoka var og villugjarnt
og þá vildu nú stundum rifjast upp endur-
minningar frá liðnum vetri úr þjóðsögunum,
um útilegumenn og fleira. En svo voru
líka ánægjublandnar minningar frá sólskins
dögunum, þegar byrgið var fullhlaðið á
sléttum grasflöt, innan um álfahóla og
dvergabýli; þá voru oft dreymdir fagrir fram-
tíðardraumar, og ljúfar kendir bærðust um
hjarta smalans, en móðir náttúra mótaði
í leyni huga óþroskaða brjóstmylkingsins síns.

Þá eru grasaferðirnar horfnar úr sögunni;
það hafa þó sannarlega verið gleði tímar
þegar fólkið fór í stórhópum fram á afrétti
á grasafjall og lá úti í guðsgrænni nátt-
úrunni á vorblíðum dögum. Og fjörugt hefir
oft hlotið að vera fyrir unga menn og
konur, að kynnast þar í óbygðunum og
eftir nánari kynningu að bindast böndum



tryggða og ásta, þar í friðsælli einveru
fjallanna, innan um angandi fjólur og
blágresi. — Munur á, eða í ballsölum!

Eins nú er búskaparlagið orðið annað, en
áður var, nú er ekki lengur skyrið og fjalla-
grösin og þverhandar þykkar sauðarsíður á
borðum, hjá bændum; útlendar fæðutegundir
eru komnar í staðinn, sem ekki eiga við okk-
ar þarfir, en af því leiðir vanheilsa á
mörgum sviðum, hjá þjóðareinstaklingunum.
Ullin og kjötið eru seld út úr landinu, en í
staðinn keypt, kornmatur og kramvara.

Þau heyrast nú færri rokkhljóðin á bæj-
unum, en áður var, enda minna um tó-
skapinn. Spunavélarnar áttu að koma í
staðinn, en sá er gallinn á, að þær virðast
illa fullnægja þörfinni.

Íslenskir kvenbúningarnir t.d. peysu-
fötin og faldbúningurinn eru að falla úr
sögunni, og upphluturinn sömuleiðis. Það

er Parísarkjóllinn, fleginn ofan á brjóst og bak með ótal fellingum og uppslögum, sem æður sér víða í þeirra stað og það er ekki að sakast um að spyrja, að þótt hann (þ.e. kjóllinn) sé notaður í Júlímán. suður á Frakklandi þá getur hann ~~orðið~~ verið notaður í Jan. út á Íslandi! Eða þá kvenskórnir. Nú sjást ekki lengur á mannfundum heimagerðir svörtu sauðskinnsskórnir með hvítu bryddingunum, sem gáfu fótunum þá yndislegu lögun, sem hann hafði af skaparans hendi. Nei góði það sjást bara Parísar tísku bræður, hælaháir klutorbungar, með langri totu fram, líkt og snjáldur á mús; það þykir fínt nú á dögum.

Þá hefi ég að lokum ástæðu til að minnast á einn sið, sem mér virðist a.m.k. hér í sveit vera í þann veginn að líða undir lok; en það er sá góði og gamli vani, að fastna sér konu. Þetta er alvörumál, sem krefst þess, að menn athugi það frá öllum hliðum, með nákvæmni. Eftir



hagskýrslunum að dæma, þá mun vera ákvöld um fæðingar og dauðsföll hér á landi. en það er segin saga, að fari hjónaböndum fækkandi, þá leitar í sama horf með barneignir, því menn nú á dögum eru orðnir svo „civiliseraðir“ að það þykir fremur ófínt, að geta börn í lausaleik

Allir þeir menn, sem fylgjast nokkuð með þjóðarhögum, vita að það er eitthvert hið mesta þjóðarböl, ef dauðsföll eru fleiri en fæðingar, því það stefnir í áttina að þjóðarhruni. Frakkar hafa einna mest fengið að kenna á þessu böli og hafa þeir reynt á allan hátt að sporna við því, m. a. á þann hátt að verðlauna barnamenn og veita þeim jafnvel sérréttindi, en það hefir haft lítinn árangur, því þeim frönsku meyjum hefir að þessu þótt ófínt að geta börn

Ég held næstum að hjá okkur Ísl. ætli að fara að sækja í svipað horf. Ef við lítum nú yfir sveitina okkar, þá sjáum við, að við eigum þar all álitlegan hóp, af piparmeyjum

og sveinum. Þessi hópur kvenna og karla á giftingar aldri steyptir á frá ári bannsettan piparinn, og það er ekki útlit fyrir ~~að~~ nú sem það stendur, að það góða fólk ætli að gefast upp við þá atvinnu. Margir af þessum pipar-sveinum búa góðu búi (fyrir víst, 10–12) og eru svo efnalega sjálfstæðir, að þeir gætu vel framfleytt konu og börnum, þeir hinir sömu verða að halda dýrar ráðskonur, og er það í því tilliti, þeim beint fjárhagslegt tjón. Það lítur því beint út fyrir, að þeir vilji ekki giftast, því kynni hafa þeir þó af, eða geta haft af kvenfólki, því margir þeirra fá sér kaupakonur yfir anna tímann, en það er með þær eins og farfuglana, þær koma á ~~tra~~ vorin og fara á haustin óbundnar og ó-lofaðar sem fyr. — Það var nú eitthvað annað uppi á teningnum hér fyr meir. Úr því ungissveininum var orðinn sjálfbjarga og kominn á giftingaraldur, þá fór varla



hjá því, að hann færi að svipast um eftir konuefni og er það var fundið, þá kom bón-orðið og svarið Já og Nei eins og gengur. Væri það neitandi, þá var ekki gefist upp fyrir því en máske leitað fyrir sér annarsstaðar, eða sótt fastara á, þar til björninn var unninn. Og eftir þann sigur kom svo brúðkaupið, veg-legasta hátíð æfinnar, sem bar ljóma frægðar og sigurs fram á elli ár, og ekkert var til sparað. Var sama hvort hér áttu í hlut bændur, vinnumenn eða lausamenn. Al-mennings álitið hallaðist að hjónaböndum og var sá maður lítt virtur, sem bjó einlífi. Slík skoðun þyrfti enn að ná tökum hjá þjóðinni. Piparinn og hans fylgifiskar verða að hverfa úr sögunni og breytast í glaða og ánægða fjölskyldu-feður, sem vinni að hinni háleitu köllun, sem þjóðin heimtar af sonum sínum, sem sé, að geta af sér nýja kynslóð.

Ég vildi hefja þetta mál hér sérstaklega til
umræðu, sökum þess að það snertir alla jafnt,
í hvaða félagsskap sem þeir starfa í, ef ske
kynni, að fram kæmu einhverjar heillavæn-
legar úrlausnir.

M. K. G.

—

## Áramót 1924-25.

1. Óþreytandi er æfidraumur.
Aldrei slitnar tímans straumur.
Stöðugt rennur öld af öld.
Eitt er liðið ár í geyminn.
Annað fæðist nýtt í heiminn
eins og morgunn eftir kvöld.

2. Ennþá dyrnar opnar standa.
Augun leita vegfaranda
yfir horfna ársins spjöld.
Annars vegar inn eign rituð
er, og banka færsla lituð.
Hinumegin — hreppagjöld.

3. Hversu eru hagir farnir?
Hvernig standa reikningarnir?
Er það gróði — eða tap?
Eignar liðir eru fáir
og af sjóðum vextir smáir.
Útgjöld benda á heildar hrap.

4. Margir hafa hnigið dauðir
háir, lágir, ríkir, snauðir
fyrir mörgum skilið er skarð
Enginn múgnum hafist hærra
hrundið áfram verki stærra
eða betur gildað garð.

5. Vandi er (að finna vörðu á heiðum
villugjarnt á tíðarleiðum
— hættuspil ef hrasa á þeim! —
Þörfin mörg og þrætubúin
þrálátlega sveifin snúin
pólitískri í grautargerð.

6. Samt er nóg af fimbulfambi

frelsisglamri, aldardrambi,
frændarígs og flysjungsháttu
Sturlu aldar sjálfræktjendur
starfa enn með reiddar hendur,
flaðar-mál og flokkadrátt.

7. Þunga skalta þjóð mín bendi
þrautalending nærri ferði
sigli á grynnslin einatt er.
Mun ei fiskur fram á miðum?
Framleiðsla í öðal liðum
þyrfti að aukast, þar og hér.

8. Lýsir þó, sem ljós í myrkri
létt með hendi frjálsri og styrkri
horfna ársins heilla rún:
Hetjudáð og trölla-tryggðir
Tállaus ást og sannar dyggðir.
Hugsjón göfg — við geisla hún.

9. Íslands verðir úti standa
enn sem fyr, og vegfaranda
benda (að fornum bautastein

Úti eins skær í austri blikar
undra ljóma, tindrar, kvikar,
Jólastjarnan helg og hrein.

10 Tjaldið fellur. Auðn er yfir
öllu, líkt og hvað er lifir
hætti að anda, og hnípi grein.
Þannig staðið hefir heimur
hljóður, kyr og auðir geimur
öndvert — fyr en eygló skein.

11 Dyrnar opnast! Árið nýja
ungt og hraust með brosið hlýja
inn á sjónarsviðið fer.
Lyftir upp með hægri hendi
hreinum hvítum pappírsvendi.
Hina vinstri í barmi ber

12. Hvað mun unga árið dreyma?
Eða í skauti sínu geyma
hjartans ættland handa þér
Ber það ógn og undir harma?
Á það gleði og friðar bjarma?

Gefn, er allir óska sér?

13 Eigi geta ýtar vitað
um hvað verði á spjöldin ritað
þeirra áður endar næst.
Hvort þar standa stafir rauðir
stríðsmark þögult lífs og dauða
eður — saga sigurglæst.

14. Gefi sigurglampann rauða
Guð sem ræður lífi og dauða
tafli ef lands er teflt í mát.
Vegfarandans götu greiði
gefi öruggt hafnar leiði
stjórnar fleyi og farmanns bát.

María Rögnvaldsdóttir

———— " ————

# Brúðkaupin fyrir 25 árum

Motto:

„Öllu snúið öfugt þó" o.s.frv.

Vinur minn góður, heill og sæll!
Eg er að hugsa um að biðja þig að bregða þér með mér í ferðalag um stundarsakir. Okkur veitir ekki af að lyfta okkur ofurlítið upp hér í fásinninu og hrista af okkur ládeyðu mókið, sem yfir okkur öllum ríkir, nú á þessum síðustu og verstu tímum.

Eg held þú verðir meira en lítið hissa er þú veist hvert eg hefi heitið ferðinni. Eg er sem sé að hugsa um að bregða mér ofurlítið aftur í tímann og skyggnast um í því umhverfi, sem feður vorir og mæður lifðu í, á þeirra ungdóms og þroska árum.

— — " — —

Það er vor. Veðrið er hlýtt og þurt,

og allt liðum í lyndi, við erum æðandi á ferð eftir þjóðveginum í fjallbygðri sveit, erum að rabba saman og förum okkur hægt og rólega. Allt í einu heyrum við mikinn þyt á eftir okkur. Við lítum aftur, en sjáum fyrst ekki annað, en þykkan ~~sky~~ rykmökk, sem ber við loft alveg eins og fellibylur væri að brjótast um, en brátt fer sýnin að skýrast. Fram úr mekkinum kemur stór hópur karla og kvenna á harðri ferð. Þar má líta margan fallegan og fjörmikinn gæðing, sumir reisa sig hátt og bera fæturna ótt og títt á töltinu, aðrir leggjast í taumana og teygja sem mest úr ~~ske~~ búkunum, á skeiðinu, nokkrir fara á léttu og þægilegu valhoppi, en þeir óstilltustu stökkva. Fólkið sem á hestunum situr er velbúið, hraustlegt, veðurtekið og glaðlegt, þar má sjá marga er sitja vel á hesti sínum og taumhald og stjórn í besta lagi. Vandalaust er að þekkja hvort í hestunum sitja karl eða kona því

hver einasta kona ríður í söðli, því á þeim tímum þótti það ókvenlegt og jafnvel ganga hneyksli næst, ef konur riðu í hnökkum að staðaldri. — Flokkurinn nær okkur bráðlega. Þarna eru brúðhjón á ferð með boðsgesti sína, á leið til kirkjunnar. Við slæumst í förina og fylgjumst með á kirkjustaðinn.

Nú er komið þangað. Menn fara af baki spretta af hestunum og láta þá inn í rétt. Að því búnu er farið úr reiðfötum. Brúðurin fer inn í bæinn og eitthvað fleira af fólki með henni, þar býr hún sig í brúðarskartið. Bráðlega tekur svaramaður brúðguma hann við hönd sér og leiðir hann til kirkju, svo fer prestur, sem hefir verið með í förinni og aðrir boðsgestir að tínast inn í kirkjuna. Seinast af öllum kemur brúðurin leidd af sínum svaramanni, ber þá fagra sýn fyrir augu, ung brúður í hinum fagra íslenska faldbúningi, enda horfa allra augu þangað. Nú byrjar söngurinn. Þá förum til hins

fyrsta manns" hljómar hvellt og snjallt um kirkjuna. Meðan á söngnum stendur leiða svaramenn brúðhjónin fram fyrir altarið, þar standa þau hlið við hlið, meðan hjónavígslan fer fram og að henni endaðri taka þau höndum saman og heita hvort öðru óbrjótandi tryggð, í viðurvist allra viðstaddra. Að því búnu leiðir brúðguminn brúði sína til sætis. Að loknum sálmasöng er gengið úr kirkju, fara brúðhjónin fyrst og staðnæmast skammt frá kirkjudyrum, þangað ganga allir viðstaddir og óska þeim til hamingju, annaðhvort með kossi eða handabandi og fer það að mestu eftir kunnleika hvers eins. Við erum gerði kunnir brúðguma og bjóða hann okkur að sitja veislu sína. Að fara á boðin með, var ógerningur, slíkt var kallað að vera boðsletta. Nú er aftur lagt á klárana og haldið að einu af höfuðbólum sveitarinnar, þar sem veislan er fyrir búin. Sprettir er úr spori og nú leggja gæðingarnir sig fram, og keppa hver við annan,

eins og til verðlauna væri að vinna, er það ágæt skemtun að sjá til þeirra.

Komið er nú á veislustaðinn en þar fyrir hestasveinar, sem taka við hestunum og fara þá í haga og gæta þeirra, því enginn býst við heimferð fyr en næsta sól upprennur. Nú er gestum boðið til stofu. Er það stór skáli tjaldaður hvítum léreftum. Fyrir stafni er stórt borð, það er háborðið. Fyrir því miðju sitja brúðhjón, en þeirra nánustu vinir og vandamenn næst þeim. Situr presturinn til annarar handar brúðarinnar. Langs eftir skálanum eru svo mörg borð og bekkir, sem þar er hægt að koma fyrir, þar sitja aðrir boðsgestir, hjón vanalega saman og svo ógift fólk. — Nú koma frammistöðu menn og konur til sögunnar. Bera þá þjónustu fólk inn stór steik á fötum og vínsúpu í stórum skálum eða tarínum, er nú steikin skorin niður og súpunni ausið á diska. Fyrst er

borð á borð fyrir brúðhjón og svo fram eftir skálanum. Er nú tekið feimnislaust til matar, engin borðbæn lesin, því hún var þá fallin úr móð. Til þess að steikin rynni sem best niður, fengu þeir sem vildu brennivín í staupum með henni og var sérstakur maður sem veitti það, - kallaður kjallaramaður - var hann einráður yfir vínföngum, og veitti þau eftir vild sinni.

Að lokinni máltíð, sem ekki var fyr en að búið var að éta eftirmatinn, sem var sykraðar pönnukökur, - var tekið af borðum, en inn borið púns í stórum skálum. Púnsið var búið til úr romm, sykri og sjóðandi vatni. Var nú ausið í glös og bolla, þegar það var tilbúið, stóð einhver gesta upp úr sæti sínu - vanalega var það presturinn - hélt hann glymjandi skálaræðu, fyrir minni brúðhjónanna. Að endingu hrópaði hann: „Lengi lifi brúðhjónin!" „Húrra Húrra" glumdi um allan salinn.

Púnsið var áfengt og fljótt að hressa menn, gjörðust nú margir ræðumenn og varð mörg minni drukkin. Á þessu gekk langa stund. Loks var staðið upp frá borðum, menn fengu sér hreint loft, gengu í hópum úti og röbbuðu saman. - Aftur fóru menn inn í bæinn. Unga fólkið dró sig úr veislusalnum í stofuna þar fór það að skemta sér við dans og ýmsa gamanleiki; gekk á því alla nóttina, nema hvað það við og við fékk sér kaffi og vín. Eldri mennirnir héldu sig í veislusalnum, þar sátu þeir við drykkju og töluðu saman og bar margt á góma. Eldri konur gerðu sig heimakomnar í baðstofu, búri og eldhúsi, hjá húsfreyju og undu vel hag sínum.

Ég tók einn veislugestanna tali og sagði við hann: „Þau eru víst efnuð þessi brúðhjón, fyrst þau geta haldið svona veglegt brúðkaup". „O, nei nei," svaraði hann, „þau eru fremur fátæk, en það er siður hér, að gefa brúðargjafir". Nú, hvernig eru þær" spurði ég. „Sem lið og menn kveðja brúð-

hjónin, gefa flestir þeim einhverja gjöf, sumir
peninga, aðrir muni, og enn aðrir skepnur, gemling,
á, jafnvel hross eða kú, sumir efnaminni en ekki
smátækir við slík tækifæri. Oft og tíðum er brúð-
hjónunum gefið svo mikið, að það svarar vel veislu-
kostnaði. Við sjáum ekki eftir því þó við veljum
þeim einhverja, því brúðkaupsveislur eru okkar
mestu og bestu gleðistundir" svaraði hann.

Nóttin leið, með glaum og gleði. Um dagmál sóttu
hestasveinar heim hestana, menn fóru að söðla þá,
kveðja, og afhenda sínar brúðargjafir, og um leið
og á bak var stigið, tók hver karlmaður sér staup
af víni, var það kallað hesta-staup. Hélt svo
hver heim til sín, hress og glaður í anda, með góð-
ar og langvarandi endurminningar í huga sínum, um
brúðkaupið. En brúðhjónin urðu eftir, þau voru leidd
til sængur; þar blunduðu þau í faðmlögum og dreymdu
fagra framtíðar drauma. ××

—— " —— " —— " —— " —— "

Við erum nú komnir úr þessu ferðalagi

heim til nútímans. Það er haust, haustið 1926
um há-sláttutíðina. Eg er að fara í kaupstaðinn
með hestana, það er komið dálítið á undan. Eg
held áfram eftir akbrautinni í hægðum mínum. Alt
í einu heyri eg söng, nú heyrist sungið brúðkaupslag,
söngvarinn nálgast og sé eg nú mann á ferð, er
hann ríðandi og teymir kerruhest, í kerrunni situr
stúlka. Þegar þau koma nær, sé eg að þetta er Ari
á Fjalli; í kerrunni situr Gunna ráðskona hans
á sláturskrínu og hefir Ari látið gæruskinn undir
botninn á Gunnu, til mýktar sætinu. Það var hún
sem var að syngja: „Hve gott og fagurt og indælt er"
o.s.frv. — „Heil og sæl séuð þið" ávarpa eg þau.
Þau taka vel kveðju minni og Gunna hossast upp
á skrínunni, annaðhvort af kæti eða kerran
hefir hnökklast til á steini. — „Þér hefir gengið seint
Ari sæll, eða hvað tafði þig?" — „Eg varð að bíða
með kindurnar, komst ekki að með að slátra þeim,
og svo varð eg að bíða hjá sýslumanni" svaraði Ari.
— „Hjá sýslumanni! Hvað varstu að vinna hjá honum?"

„Við Guðrún vorum (að láta hann gifta okkur“
svaraði Ari „við urðum að bíða víst klukkutíma
í forstofunni hjá honum, hann var að halda réttar-
hald, í einhverju þjófamáli og sagði að við
kæmumst ekki að, fyr en það væri búið“.
— Jæja, svo þið eruð þá gift“ sagði eg. „Eg
óska ykkur til hamingju“. — „Það er ljótt, að
geta ekki gefið þér bragð“ sagði Ari „Bévaður
apótekarinn hafði ekki dropa. Gunna! Gefðu
honum rúsínur eða brjóstsykur, ef þú ert ekki
búin með það“. — Nei, þakka fyrir“ varð mér
(að orði. „Eg borða ekki slík sætindi, má það
ekki vegna tannanna og verið þið nú sæl“.

Þegar eg var kominn svo sem tvo faðma frá þeim,
heyrði eg Ara segja: „Ho, ho“, en Gunna byrjaði aftur
(að syngja: „Hve gott og fagurt og indælt er, með
ástvin kærum á samleið vera“.

XX

Nú er komin 3. Jan. 1927. Þá eru bændur önn-
um kafnir við tilhleypingar og önnur fjármensku
störf. Eg er einn á ferð — ríðandi á gamla
Grána. Frost er, og talsverður snjór á jörðu.
Eg fer hægt og gætilega, þó framorðið sé, en
Gráni veður rólega í gegnum skaflana. Á
móti mér koma tveir gangandi og þegar við
mætumst sé eg að þetta er sunnlenski Jón,
sem kendur er við sérstaka sveit á Suðurlandi.
Gengur hann fyrir og ber ~~[illegible]~~ kvartflösku und-
ir annari hendi, en í spor hans fetar kvenmað-
ur. Hana gat eg varla þekt, fyrir dúðum. Yst
um höfuð sér vafði hún mórauðum ullartrefli
og var auðséð, að Jón hafði lagt henni hann til
því í honum var talsvert af heymori.

„Sæl þið, og hvaðan ber ykkur að?“ —
„Sæll!“ segja þau „við komum frá M...“
„Þið hafið þá ekki verið að láta pússa ykkur
saman“ — „Jú, svo er það nú kallað“ svar-
aði Jón. — Það hafa ekki orðið vandræði með
sönginn þar; nóg er þar af söngfólki“ —
— „Eg kærði mig nú ekkert um sönginn“ svar-

aði Jón „eg ætla sjálfur að syngja brúðkaups-
sálmana, þegar eg er kominn heim, það ætti
eins vel (að duga. Jája" hélt hann áfram,
„eg þarf að hraða mér, svo eg komist sem fyrst
heim" — Nú, hvað liggur þér á" spurði eg.
— „Eg þarf að kleypa til" svaraði Jón.
— Jája, vertu sæl og til lukku með hjónaband-
ið" sagði eg. — „Takk, sömuleiðis," var svar
sunnlenska Jóns. Steig hann svo skrefið
áfram, en brúðurin trítlaði í slóðina

XIX.

---

# Nokkrar vísur

—

1 Æfintýrin eigi fá
eru gleymd hjá þjóðum
af því komust ekki á skrá.
Teitt skal búið í ljóðum

2. Hundruð nítján höldar þá
hundrað árið þetta
Tíu þar með tvenna má
telja og sex, hið rétta.

3 Þá var snjóa og þoku haust,
og þar frá hjörð ei gjafléti.
Sveinar gengu sólarlaust
Silfrastaða-afrétt.

4 Gengu Miðdal gumar þrír,
(gerist engin vafi,
sögu-þáttur sé hér nýr):
sonur, faðir, afi.

5 Munur aldurs mikill var
minst þó hér til baga.
Greiðar urðu göngurnar —
greinir þar frá saga.

6. Yngsti var sem fuglinn frár,
fjalls á skeiðum tífa
full var hann fimtán ár
í föðurgarði lífa.

7. Hét sá Jón með hljóðin slyng,
horskur Agnars niður;
ábit hafði allt í kring
ungur sjála viður.

8. Agnar Baldvins arfi var
annar gangnamaður;
hann í miðjum hlíðum þar
hinum stýrði glaður.

9 Ofldur talinn álma-þór
um rétt ferðugt var hann;
stjórnin meður friðsemd fór;
fremdar kosti bar hann

10 Baldvin þriðji Bárðdal var
Bergvinssonur valinn;
aldur sjötugs efri bar
er hann gekk nú dalinn

11 Talsvert var til lista lagt
lundi stála friðum;
en það verður ekki sagt
í eigin braga-smiðum

12. Af því gamla Elli þann
óviðfeldin mæddi,
neðstur þá var hafður hann
— heim með gili þræddi

13. Fór allt vel í fjalla-geim
fé rann beint til rétta
allir síðan héldu heim
halir eftir þetta. — — —

14 Gangna-stjóri greið með svör,
gagnkunnugur slóðum,
Stefán Jónsson, tauga bör
bóndi á Höskuldsstöðum

15 Orð hans féllu um atvik það,
að ef rétt frá skýri:
lengi mætti leita að
líku, æfintýri.

16 Svo að geymist saga rétt
sem er einstæð næsta;
ljós er hér í letur sett
laus við málsvilli glæsta.

[ Tilefni vísna þessara var það, að á síðast-
liðnu hausti, í fyrstu göngum, fram í Hálf-
dánartungum, hafði gangnaforinginn okkar þar,
Stefán á Höskuldsst., orð á því, að fágætt mundi
vera, ef ekki nálega einsdæmi, að þrír
feðgar (faðir, sonur og sonarsonur) væri í
göngum í eitt og sama skifti. Að afinn
væri svo ern og sonarsonurinn svo þrosk-
aður, að báðir væru vel til gangna færir.
Og mun það satt vera. — Lét hann
svo um mælt, að þar eð svo einkennilega
stæði á, með okkur, þá væri rétt að
hann léti okkur feðgana þrjá ganga eitt-[hvert]
það „pláss", þar sem ekki þyrfti fleiri
menn, eða færri, og ákvað að við skyld-
um ganga á Miðdal, eins og í vís-
unum segir. ]

Baldvin B. Bárðdal.

# Smá-pistlar.

## „Þess er vert að geta, sem gert er vel."

Nú sumar eftir sumar hefir ungfr. Lilja
Sigurðard. á Víðivöllum boðið börnum sveit-
innar að heimsækja sig einn ákveðinn dag.
Hafa þau ekki lagt það undir höfuð, heldur
þegið heimboðið, með glöðu geði og komið
þangað stórhópum; nú síðastl. sumar munu
þau hafa verið um 40 talsins, en auk þeirra
tölu verið margt af fullorðnu fólki, sem
fylgdist með börnunum. Allur þessi skari
þáði svo miklar og margvíslegar góðgerði
að ekki var þörf á þeim meiri. Börnin
fengu þarna svo góða skemtun að þau
bjuggu lengi að henni og þó þessi var
þeim aðalumræðuefni fyrst á eftir. Öll
voru þau að endaði skemtun, leyst út

með gjöfum, vorn það blómvendir úr blómagarði ungfrúarinnar, sem er bá eini, sem til er hér um slóðir

Það má ekki minna vera, en að Lilja Sigurðardóttir sé þakkað fyrir þessa miklu velvild, er hún með þessu audsýnir ungdómi sveitarinnar, og þá ánægju og gleði er hún veitir með þessu. Eg leyfi mér því hérmeð að færa henni þakkir þessara 40 barna, sem hún reyndist sem besta móðir, þenna ákveðna gleðidag þeirra. „Lengi muna börnin" segir máltækið. Eg er líka þess fullviss, að flest þeirra muna lengi hana Lilju á Víðivöllum.

Fullorðna fólkið ætti að athuga það, að það ætti alls ekki að vera á slíkum barnasamkomum, því það er aðeins til þrengsla, og börnin njóta sín ekki eins vel og ella. Aðeins börn sem eru nokkurnvegin sjálfbjarga ættu að sækja slík heimboð, og þá þarfnast þau ekki fylgdar eða umsjár hinna fullorðnu. Ef Lilja heldur heimboðum áfram ætti hún þessi 40 barna gleðimóðir, að fá að vera sem mest ein með börnum sínum. Aðeins þeir viðstaddir, sem hún sjálf velur sér til aðstoðar, aðrir ekki. Þökk hverjum þeim, sem gleður börnin.

Barnavinur.

—

## Jólagjafir

—

Nú fyrir síðastliðin Jól gaf Kvenfélag Akrahrepps mörgum fátækum Jóla-gjafir. Voru þær gjafir víst að mestu látnar úti í fatnaði og gáfu vissar konur á sérstök heimili. Auk þess gaf félagið af sjóði sínum Kr. 60.00, er það skifti jafnt á milli þriggja þeirra allra fátækustu.

Þessar gjafir Kvenfélagsins eru stór sómi fyrir það, og verða eflaust metnar að verðleikum. Þökk sé félaginu fyrir þær

bæði frá þeim er þágu, og enn fremur frá öllum þeim, er kunna að meta slíka sjálfsemi og umhyggju fyrir fátækum.

Einn ljóðu finst mér þó á félagsskap þessum og skal eg ekki dylja hann, en hann er þessi: Alt of fáar konur eru í félaginu og það versta, að í því eru ekki ríkustu konur sveitarinnar, sem gætu þó veitt þess mesti styrkur. Í sjálfu sér er þetta ekki félaginu sjálfu að kenna heldur konum þeim, sem ekki vilja sinna því, en það verður þeim aldrei annað en ein stór höfuðskömm, að vilja ekki styðja slíkan félagsskap, sem kvenfélag Akrahrepps er.

Konur! giftar og ógiftar; Gangið ótrauðar í félagið. Með því getið þið gjört ýmislegt gagn, sem annars væri ógert.

X

# Fúsi litli.

-

Á Lestrarfélags-samkomu, sem haldin var að Miklabæ þann 1. Jan. s.l. söng Fúsi litli á Vöglum, nokkur lög, en sr. Lárus spilaði undir á orgel. Hvernig fólki hefir líkað söngur sá, skal eg láta ósagt, en aðsóknin var ill, mikill hiti og lítið loft. Áður en samkomunni sleit gekk sr. Lárus um meðal „ball“ gesta, og safnaði gjöfum handa Fúsa litla. Þau samskot urðu um 20 kr og vil eg fyrir hönd Fúsa þakka þeim, sem gáfu og þó sér í lagi prestinum fyrir hans ötulu framgöngu því án hans hefði Fúsi litli aldrei eignast þessar 20 kr. sem er stórfé, á hans fátæka mælikvarða og óhætt er mér að fullyrða að hann kom glaður og ánægður heim af samkomu þessari.

G. B.

# Hátíða-söngvar.

Með dugnaði og þrautseigju dreif sr. Lárus á Miklabæ upp söngflokk (blandaðan kór karla og kvenna) til að syngja fjórraddaðan ~~söng~~ kirkju-söng á hátíðunum Jólum og nýjári. Messaði prestur á tveim kirkjum á Jóladag fyrripart dags á Flugumýri, en um kvöldið að Miklabæ. Söngflokkurinn fékk því að reyna sig þann daginn. Messað var svo á Miklabæ á nýjársdag. Kirkjurnar voru vel lýstar og ekkert til þess sparað enda komu mörg börn til kirkju til að horfa á ljósadýrðina og gleðja sig við hana. Á Jóladagskvöld var myrkur mikið og hvassviðri, varð því erfið heimferðin fyrir marga. Luktar ljós höfðu margir, en á þeim öllum slokknaði fljótlega. Engin slys eða hrakningar urðu þó að ferðalaginu. Kirkjusöngurinn fékk misjafna dóma, eins og við mátti búast af svo misjöfnum áheyrendum.

Þeir sem söngeyra höfðu og ofurlitla þekkingu í þeim efnum dæmdu vægast. Þeir skildu hve erfitt var fyrir lítt æfðan flokk að leysa hlutverk sitt vel af hendi. Harðast dæmdu kvæðamenn. Þeir gátu ekki fellt sig við fjórraddaða sálma sönginn, sem ekki er heldur von, því hann er býsna ólíkur kveðskapar-tónum, en þyngstir urðu dómar þeirra, sem ekkert vit hafa á söng og sem sjálfir kunna ekki einu sinni að kveða einfalt og óbrotið vísna lag.

En slíkir dómar mega öllum liggja í léttu rúmi, eða láta sér á sama standa um þá. Hvað svo sem um sönginn má segja, þá má þó segja um söngflokkinn að hann lagði á sig talsverð ómök og nokkurt erfiði, og það aðeins í góðum

tilgangi og um prestinn má það segja, ad hann eyddi bædi tíma og fé, til ad koma þessum hátídasöng í framkvæmd– og er því illt ad launa slíkt adeins med vanþakklæti.

–

## Ungmennafélagid.

–

Á því herrans ári 1926 komst hér í sveit á fót ungmennafélag, þótt það ad vísu væri stofnad af veikum kröftum, því medlimir þess urdu mest börn og kvenfólk, adeins örfáir þroskadir karlmenn gengu í félagid. Það er því ekki hægt ad búast vid framkvæmdum hjá félagi þessu, enn sem komid er, en fyrirætlanir hefir það þó haft med höndum.

Ein var sú ad félagsmenn ætludu sér skemtigöngu upp á Glódafeyki ~~t~~ það hefdi líka átt vel vid ad rita þar upp lög félagsins, eins og Móses reit fordum lög Gydinga á Sinaifjalli. Af för þessari vard samt ekkert, vegna þoku, annad en það ad nokkrir strákar trádu undir fótum sér 2 eda 3 hunda þúfur á Flugumýrar túni.

Önnur fyrirætlan félagsins var sú, ad heyja nokkra hesta í Miklabæjarnesi og stofna med því heyfordabúr fyrir sveitina, en sú fyrirætlan kafnadi alveg í einni stórrigningunni s.l. sumar.

Þó svona hafi til tekist í byrjun, ad sólin hafi ekki viljad láta ljós sitt skína á fyrirtæki félagsins, þá er vonandi ad félagid gefist ekki upp vid svo búid. Félagid ætti ad geta átt góda framtíd fyrir höndum og ordid til gagns og sóma fyrir sveit þessa, ef vel er á haldid, og það bara vill. Nú hafa félaginu bæst ~~vid~~ nokkrir fulltída menn í vetur, sem menn geta vonad, ad alt láti ekki fyrir brjósti brenna, og

að líkindum bætast fleiri við; með nýjum mönnum og nýjum kröftum fer félagið eflaust nýjan hug og dug.

Nóg eru verkefnin handa félagi þessu og þarf ekki á þau að benda sérstaklega, með öðru en því, að hér er óruddur akur á ýmsum sviðum.

## Orðsending.

—

Fréttaritari Viljans sá í fyrra biður fyrir svo-hljóðandi orðsendingu til sr. Lárusar:

Af því að mér virðist af skrifum þínum í vetur að þú haldir, að ég ~~eða~~ og „sóknarbúi" séum öfundarmenn þínir, þá vildi ég gjarnan, ef ég gæti, komið þeirri flugu úr höfði þér, en það er nú kanske hægra sagt en gert. Samt vil ég taka þetta fram: Hvorki ég eða „sóknarbúi" höfum nokkurntíma að neina ráði fengist við akstur í stórum stíl og sízt nú í seinni tíð, ~~eða~~ og aldrei keppt um akstur við prestinn okkar. Og má sr. Lárus vera óhræddur að við gerumst hér eftir keppinautar hans, nógir eru samt að keppa við hann og má hann vera rólegur okkar vegna. Nei, ég öfunda hann ekki af akstursferðunum hans, miklu heldur kenni ég í brjósti um hann að þurfa í kulda og vosi, að basla við þessar ferðir, sem hann er ekki maður til að standa í. Og kenni líka í brjósti um hann fyrir það, að vera svo þurftarfrekur til líkamlegra þarfa, að það skuli ekki ~~nægja~~ nægja honum og hans skylduliði til framfærslu að hafa ábúð á einni beztu jörð sveitarinnar, ef ekki þeirri allra beztu, með ~~mörg~~ nokkur þúsund kr. launum að auki. ~~—~~ En þegar einum bónda, þó prestur sé, hrekkur ekki slíkt til framfærslu, ~~og~~ en þarf auk þess, að slíta sér út ~~og~~ og eyða tíma við allskonar atvinnu, sem fyrir kemur, sem gefur peninga í aðra hönd, ~~sér~~ til viðbótar lífeyris síns og sinna, en hefir

þó engar tekjur við árslok, þá sýnist svo, að útkoman muni ekki verða glæsileg fyrir þeim bændum, sem ekkert ~~Þ~~ hafa við að styðjast nema bú sín, á misjafnlega góðum býlum, án allra aukatekna.

Það gladdi mig, að þú sr. Ásmus skyldir nú loks láta verða af því, að skrifa í „Viljann" og hefði fyr mátt vera. Og eg lít svo á að þú ættir að gera meira að því, en orðið er, því eg er þér samdóma í því að prestarnir eða starf þeirra ~~sé~~ eigi að vera öðrum til leiðbeiningar í einu og öðru, og þá vitanlega öðru fremur á andlega sviðinu. Eg veit varla hvort eg ætti að taka orð þín í gamni eða alvöru ~~um~~ vantrú þína á mátt hins prédikaða orðs, en séu þau í alvöru töluð, þá sannarlega ertu ekki öfundsverður ~~að vera~~ sem prestur.

Þér finst að þú finnir einhvern öfunderhreim í orðum mínum í „Viljanum" í fyrra og get eg ekki við því gert, hvað þér kann að finnast með eitt og annað. En eg get alls ekki séð að það sé sjáanleg ástæða til þess, að öfunda þig sem presti, með vantrúna á mætti hinna prédikuðu orða þinna, ekki heldur sem bónda, því ed þú þarft, auk þess að búa á ágætis jörð, með sæmilegum bústofni og nokkrum þús. kr. tekjum, að ~~standa~~ í skipsferðum og annari vinnu, til þess að geta séð þér og þínum farborða efnalega. Svoleiðis búskapur er ekki öfundsverður frá ~~mín~~ sjónarmiði mínu og „sóknarbúa".

---

## „Sláturhús við Borgará"

Magnús á Vöglum skrifaði um sláturhúsmálið í síðasta blaði og er því ekki að neita að hugmyndin um öll þægindin við það að fá hér fram í firðinum, gott sláturhús, er mjög svo glæsileg. Magnús vill ekki láta Kaupfélagið koma upp húsinu, heldur bændur með

hlutafjár framlögum. Þessi hugmynd hefir frá mínu sjónarmiði ýmsa annmarka, sem vert er að gefa gætur. Ef bændur eingöngu ættu sláturhúsið þyrftu þeir að eiga eða leigja hús (og óvíst að hentugt leigupláss fengist að haustinu) á S.krók til þess að geyma salt sitt og tunnur þeir þyrftu að kosta mann ytra til að sjá um uppskipun á salti og tunnum og móttöku þess. Þeir þyrftu að eiga eða leigja lóð undir allar kjöttunnurnar að haustinu, þeir þyrftu að hafa mann ytra á meðan á framskipun kjötsins stendur, sem yrði oftar en í eitt skifti á hverju hausti, og þeir þyrftu að hafa sérstaka sláturhússtjórn eða sláturfélagsstjórn og fleira mætti telja sem bændafélag mundi þurfa að kosta ef þeir væru einir um sláturhúsið, en eg get ekki betur séð en að flestu af þessu sem eg hefi talið hér, og sem yrðu allmiklir útgjaldaliðir, myndi hverfa sem útgjöld, að mestu, ef Kaupfélagið kæmi sláturhúsinu

upp og sæi um framkvæmdir og starfrækslu. Að þessu leyti get eg ekki átt samleið með Magnúsi á Vöglum í sláturhúsmálinu.

Á Akrafundinum, sem fjallaði um sláturhúsmálið virtist mér tölvert að því gert, að gylla fyrirtæki þetta fyrir mönnum, kostirnir og þægindin málað með sterkum litum. Á annmarkana og ókostina var ekki minst. Og mjög lítið var minst á kostnaðarhliðina, einmitt það atriðið, sem mest veltur á, eða hvort þetta fyrirtæki gefi bændum arð eða ekki. Fyrir því ~~komu e. eða~~ komu engin rök. Forgöngumenn þessa fyrirtækis þyrftu rækilega að íhuga í byrjun, hvort sláturhús fram í Skagafirði myndi gefa bændum ábyggilegan arð eða ekki. Ef það er vissa fyrir því fyrirfram, að bændur græði á sláturhúsbyggingu hér fremra, þá er sjálfsagt að reyna að hrinda málinu í framkvæmd, en ef það leikur vafi á hagnaðinum, ~~þá~~ eða sýnilegt er að hann verði enginn,

við nána athugun og áætlun, já, þá er fyrirtækið dauðadæmt. — Á Akrafundinum voru látin falla ómakleg hnjóðsorð í garð Sláturfélags Skagfirðinga. Þrátt fyrir annmarka sína hefir þó það félag veitt miklum peninga straum, bændum til þæginda inn í þetta hérað, á undanförnum árum, og tilvera og rekstur þess félags hefir knúð kaupmenn til frekari peningagreiðslu til bænda, fyrir kjötið, en annars mundi. Og hver getur sagt um, hvert verðlag kaupmenn hefðu lagt á sláturfjárafurðir bænda undanfarin ár, ef Sláturf. Skagf. hefði alls ekki verið til, en kaupmenn aðeins einir um hituna.

Eg hygg, að ef Kaupf. Sk. hefði átt, eða getað eignast sláturhús Sláturfélags Skagf. og slátrað hefði verið á því, með föstum reglum, ákveðinni kindatölu á dag frá ákveðnum bæjum, frá byrjun sláturtíma til enda hans, og sláturtíminn ef til vill verið lengdur lítið eitt, þá hefði það sláturhús átt að geta fullnægt kaupfél. mönnum, þó þeir séu að fjölga og fjölgi enn, þá hefði verið hægt að koma í veg fyrir árekstur og bið með fjárrekstra, og menn ekki þurft að leggja út í dýra sláturhúsbygginguna fram í Skagafirði, sem óneitanlega hefir töluverð útgjöld í för með sér fyrir bændur, þrátt fyrir hin~~a~~ miklu ~~hatt~~ þægindi sem það veitir að ýmsu leyti. En sagt er, að svo muni nú þrautreynt að sameina Kf. Sk. og Sl.f. Sk. (þó árangurslaust hafi verið) að út í þá sálma muni ekki farandi hér eftir.

S. J.

---

# Drengja-kollurinn

Frá fyrstu tímum hafa karlmenn haft mikið dálæti á kvenfólkinu. Þeir hafa látið í ljósi, og ekki að ástæðulausu, að kvenmaðurinn væri fegursta vera, sem Guð

hefir skapað og konan hefir verið manninum
sem tákn fegurðar, göfgi og sakleysis á lífs-
leiðinni. Það hefir og löngum verið konunni
meðskapað, að halda vel við þessum sígin-
~~[illegible]~~ leikum sínum, sem náttúran hefir gefið
hana frekar öðrum verum, og sýna karlmannin-
um, að hún kynni að meta þá. Þetta hefir
af ýmsum verið kallað „að halda sér til" fyrir
þessum og þessum, en er algerlega eðlilum
samkvæmt og því engin tilgerð, því það er
þrá hjá hverjum einasta manni og konu, að
eignast maka og vera sem mestur í hans aug-
um. — Hvað er það nú sérstaklega við
stúlkuna sem hefir þessi segulmögnuðu áhrif
á piltinn? Að hann þráir návist hennar og
og gefur sig henni á vald, knúður af þessu
máttuga valdi, er við köllum ást.
Það er kvenneðlið. Barnslega saklaust, við-
kvæmt léttlyndi, sem leitar eftir stuðningi
líkt og vafningsviður í rósabeði.

Það er líkamsmyndin, ímynd fegurðargyðjunnar
langir lokkar, dreymandi augu, rauðar varir, ávöl brjóst
— fagrar línur í fullu samræmi. — Alt fram á
síðustu tíma hafa konur þjónað sinni köllun og
viðhaldið fegurð sinni, í því augnamiði, að töfra
karlmennina. En nú virðist öldin vera orðin
önnur. Við aukin réttindi í þjóðfél. á móts
við karlmennina, hafa konur fengið þá flugu í
höfuðið, að karlmennirnir séu það „gení" að
ekkert jafnist á við þá, að atgervi og fríðleik
og einasta óhamingja lífsins sé að vera kona, en
ekki karlmaður. En kynferðinu verður ekki
breytt frá fæðingu, það verður nú að sitja
við orðinn hlut, en þá er að taka það ráðið
að flýja frá sér þessu lítilmótlega kven~~eðli~~lega
eðli og ásýnd og reyna að líkjast karlmönn-
unum á öllum hugsanlegum sviðum.
Þannig hugsa margar núverandi blómarósirnar
og því sjá nú margir karlmenn nú á dögum
þær sýnir, sem vekja þeim viðbjóð og angur.

Við sjáum hópa af ungum stúlkum á sunnudögunum á sumrin í útreiðar„túrum“. Allflestar eru þær með buxur, ríða í hnökkum, en í stuttbuxum með skó og legghlífar við, á fótum sér, eða þá í negra„bussum“. Það er skoplegt að sjá fæturna á litlu kvenfólki, standa beint út í loftið frá síðunni á klárnum og „pata“ út og títi, eða þá hitt, að sjá ístruna á sumum konum, taka fellingar fram yfir hnakknefið. Það er kvenlegt að tarna!

Nú vilja konur taka þátt í stjórnmálum, komast á þing, í bæjarstjórn, eða hreppsnefnd, já, og í kynbótanefnd. Og gæti best trúað, að eftir nokkur ár, þá fengju þær okkur eldhússtörfin, en færu sjálfar í göngur, lestaferðir, hirtu skepnur — eða með öðrum orðum, tækju við stjórninni utan bæjar.

Konur mynda með sér félagsskap, kvennfélög, heimilisiðnaðarfélög og pólitísk félög. Þær draga sig saman og leitast við að lifa innan þessara vébanda, sem óháðastar

karlmönnum. Þær eru að afmá það í eðlinu, sem leitaði stuðnings karlmanna. Foringjarnir sumir lifa óháðir, hafna gjaforðum sökum málefnisins. Hinar koma á eftir.

Síðasta afrek þeirra nú á tímum er „drengja-kollurinn“. Hann er sem betur fer, ekki séður enn hér í sveit, en á næstu grösum. Þær skella af sér hárið, langa og mjúka, sem í skáldskap og fagurfræði, hefir verið talið einkenna best kvenlega fegurð að ytri ásýndum.

— „Greiddi og þér lokka við Gullárá“ segir Jónas.

„Dökkur var á vanga-bungum, vefur og smýgr sig hringum þá“ segir Breiðfjörð — Já, þær fleygja frá sér þessari fögru Guðs gjöf, og ganga með snoðkoll líkt og við. Já, fyr má nú vera ásvifnin í garð okkar karlmannanna! Nú á ekki hárprýðin að ganga lengur í augu okkar. Það er sagt þeim sé dáið að fækka hinum óklipptu konum á Akureyri. — Hvernig líst ykkur á drengir? Haldið þið að það væri ekki gaman að eiga

konu, með snoðkoll, í karlmannsbuxum og hnéháum gummístígvélum og ekki að gleyma keillunum á nefinu. Hvað ætli það verði nú annars langt þangað til (að) þær fara að raka sig? Safna ofurlitlum hýjung á efri vörinni og snotrum topp á hökuna. Þá verður þægilegt fyrir piltana að taka í hökutoppinn og kyssa á munninn með silkimjúkum hýjungnum á vörunum!

En sleppum nú öllu gamni. Eg ætla að enda þessar línur með nokkrum orðum til ungu stúlknanna hérna í sókninni, sem kynnu að lesa þetta.

Kæru ungu meyjar! Þið sem eruð aldar hér upp í sveitinni og hafið ekki af haft fyrir ykkur í uppvextinum annað en rammíslenska þjóðlega siði, þið, sem hafið drukkið í ykkur með móðurmjólkinni dáð forfeðra vorra — þið, sem hafið lesið sjálfar okkar ódauðlegu bókmenntir frá gullöldinni og kynnst þar framúrskarandi mönnum og konum að drenglyndi og dáð.

Eg spyr ykkur í einlægni! — Elskið þið ekki þetta land, föður ykkar og móður, afa og



ömmu? Berið þið ekki virðingu fyrir öllu hinu forna íslenska eðli, sem okkur er svo samgróið, fram á þessa daga — fyrir okkar þjóðlegu fræðum og siðum sem eru sérkennilegir fyrir okkur og séreign vor? Ef svo er, þá haldið þið ykkar gömlu venjum. Klæðist íslenska þjóðbúningnum, peysufötunum, upphlutnum og ekki að gleyma faldbúningnum á ykkar tyllidögum. Hann verður ykkur ekki til minnkunar, hvar sem þið leggið land undir fót, hvort það er utanlands eða innan.

Haldið ykkar höfuðhári óskertu og lofið löngum mjúkum lokkunum að liðast um mitt bakið. Það er eitt af ykkar kvenlegu fegurð, sem karlmenn meta svo mjög, og mun svo verða á meðan heimur byggist og maður og kona bindast ástar böndum.

En forðist út af lífinu, að apa eftir Parísarkvendum, sið, sem frekar eiga heima hjá villimönnum Suðurálfu, en menntuðum Evrópu konum.

Magn. Kr. G.

# Fáein orð

Jeg er þér alveg sammála um það, Magnús minn, að „drengjakollur" kvenna er hreinasta forsmán, og einnig um það, að mjög ljótt og óviðfeldið er, að sjá konur úti í knäkkum, búnar karlm. búningi. Ólíkt tilkomumeira að sjá kvenf. sitja fallega á hesti, í söðli, í viðeigandi reiðfötum. En eg álít að þetta marglæti kvenna, sé af alt öðrum toga spunnið, en þú heldur fram, en út í það skal ekki frekar farið.

Það liggur nærri að þú gerir úlfalda úr mýflugunni, þar sem þú talar um tilhneigingu kvenna, yfirleitt, til þjóðmála og opinberra starfa. A. m. k. þekkist slíkt lítið í sveitunum. — Á grein þinni er helst að skilja, að þú sért andvígur félagsskap kvenna t.d. kvenfélögum og heimilisiðnaðarfél. og teljir ~~þau~~ að „með því séu konur að afmá það í eðlinu, ~~stjórnsemi og sérfræði í þeim tilgangi~~ sem leitaði aðdáunar karlm." Þarna hefi eg aðra skoðun. Slík félög eru hin þörfustu og hafa víðsvegar mikið og gott til leiðar komið. Meðal áhugamála þeirra eru t.d. líknarstarfsemi og viðreisn heimilisiðnaðarins. Er það alvara þín að telja þessi mál og mörg önnur áhugamál kvenna, lítils eða einkis virði? Eða hyggur þú, að ~~þau mál~~ væri nokkuð betur komin í höndum okkar karlmannanna?

S. J.